

Aðalfundur foreldra- og kennarafélags Hvolsskóla 27.apríl 2006

Guðlaug Ósk Svansdóttir formaður setti fundinn og biður ritara að lesa upp fundargerð frá síðasta aðalfundi áður en farið er yfir mál þessa fundar.

1.mál: Farið yfir ársreikninga.

Jóna gjaldkeri fer yfir stöðu fjármála í félaginu sem er nokkuð góð miðað við að félagið hefur fjárfest í mjög dýru leiktæki á skólalóð. Félagið fékk 400.000 kr. vaxtarlaust lán hjá sveitarfélaginu til að geta greitt það sem upp á vantaði fyrir leiktækið. Stjórn foreldra- og kennarafélagsins hefur verið að hafa samband við fyrirtæki hér í Rangárþingi til að styrkja okkur í að festa kaup á leiktækinu og gékk það vonum framar, verður því væntanlega hægt að greiða lánið hjá sveitafélaginu sem fyrst.

ÁRSREIKNINGUR
FORELDRA-OG KENNARAFÉLAGS HVOLSSKÓLA
28. APRÍL 2005 – 1 APRÍL 2006.

REKSTRARREIKNINGUR

TEKJUR:

Árgjöld foreldra	133,900
Innk.v/jólafröndurs	115,150
Innk.v/hýasinntusölu	119,811
Innk.v/vorhátíðar	141,134
Styrkir	185,265
Vaxtatekjur	37,361

Samtals 732,621

GJÖLD:

Kostn.v/jólafröndurs	95,090
Kostn.v/hýasinntusölu	50,210
Kostn.v/vorhátíðar	31,424
Fundur m.bekkjarf.	17,500
Leiktæki	1,318,500
Burðargjöld	14,080
Fjármagnstekjusk.	3,735
Bankakostnaður	1,569

Samtals 1,532,108

Tekjur samtals	732,621
Gjöld samtals	1,532,108

Umfram gjöld 799,487

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:

Inneign á kjörbók 61158	135,722
Inneign á ávísanar. 1834	4,650

Samtals eignir	140,372

SKULDIR:

Skuld v/sveitarfél.	400,000

Samtals skuldir	400,000

Höfuðstóll í byrjun starfsárs	539,859
Gjöld umfram tekjur	799,487

Skuldir umfram eignir	-259,628

Skuldir og eigið fé samtals:	400,000
	-259,628

	140,372

25. apríl 2006

Jóna Sigþórsdóttir

Jóna Sigþórsdóttir

Ég undirrituð hef endurskoðað reikninga og kannað innistæður í kjörbók og ávísanareikningi. Tel ég reikningana vera rétta.

25. apríl 2006

Guðbjörg Júlíadóttir

Guðbjörg Júlíadóttir

Engar athugasemdir voru gerðar við ársreikningana.

2.mál: Formaður fer yfir það helsta sem félagið hefur gert.

Stóðum við að í haust fundi og kom hún Helga Margrét frá Heimili og skóla og fór yfir helstu hlutverk bekkjatengla, foreldraráðs og foreldrafélaga. Hún lagði einnig áherslu á að gera félagið eingöngu að foreldrafélagi. Þetta var mjög gagnlegur og fróðlegur fundur og gaman að sjá hve margir mættu.

Jólafondrið í ár var gékk mjög vel í alla staði, þar sem húsnæðiskostur var orðin betri var það haldið inn í matsal svo allir gátu verið inn í sama rími og myndaðist mikil jólastemming. Foreldrafélagið var með þá nýbreytni að selja vöflur m/rjóma og heitt kakó, mældist það svo vel að vonandi verður það bara hefð héðan af.

Jólaballið var líka haldið með nýju sniði þessi jóla foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla var í samvinnu við foreldrafélag leikskólans, kvenfélaganna í Hvolsvelli og Fljótshlíð. Ákveðið var að reyna fá kvenfélögin til að halda fjölmennt jólaball fyrir krakkanna til skiptis á Hvolsvelli og í Fljótshlíð. Þessi jóla var það haldið í Fljótshlíðinni og tókst það mjög vel að halda jólaball með þessu sniði.

Foreldrafélagið í samvinnu með Hvolsskóla hélt fund um kynfræðslu fyrir eldri bekkina og foreldra þeirra. Haldnir voru tveir fundir annarsvegar fyrir 7- 8 bekk og hinsvegar fyrir 9-10 bekk, vel var mætt á fundina bæði af nemendum og foreldrum.

3 mál: Vor hátíð Hvolsskóla.

Vor hátíð Hvolsskóla verður haldin föstudaginn 19.maí n.k. á milli 16:00 og 18:00. Dagskráin verður með hefðbundnum hætti, sú nýbreytni verður í ár að vera með kaffihlaðborð ásamt pylsusölunni svo allir ættu að geta fengið sér eitthvað við sitt hæfi.

Sú hugmynd var uppi að prófa að halda vor hátíð á laugardegi svo foreldrar, ömmur og afa gætu komið og átt notalegan dag saman með börnunum en það var ekki samþykkt.

4.mál: Önnur mál.

Jóna Sigþórsdóttir gjaldkeri félagsins lætur af störfum eftir að hafa setið í stjórn í tvö ár, Pála Kristín Buch tekur við af henni, það er samþykkt auk þess sem Jónu er þakkað vel unnið starf.

Ákveðið var að slíta ekki fundi heldur halda framhaldsfund fyrir 15.október á nýju skólaári, til að kjósa um að gera félagið að eingöngu foreldrafélagi en ekki foreldra- og kennarafélagi.

Formaður segir fundi frestað þar til í haust.

Stjórn foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla: Guðlaug Ósk Svansdóttir
formaður, Jóna Sigþórsdóttir gjaldkeri, Unnar Þór Böðvarsson
skólastjóri, Ingibjörg Erlingsdóttir kennari og Kristín Hrefna Leifsdóttir
ritari.